

Hvers virði er niðurinn í Jöklu?

– stiklað á stóru um mótmæli vegna Kárahnjúkavirkjunar og tilflutnings jökulfjóts

Steinunn

Ásmundsdóttir



Frá upphafi ákvarðanatöku um Kárahnjúkavirkjun um aldamótin 2000 hafa mótmæli gegn henni innan lands og utan skekið bæði íslensk stjórnvöld og almenning. Engan veginn er hægt að ábyrgjast tölur um hversu margir voru með virkjuninni og á móti á undirbúnings- og byggingartíma hennar, nema þær hendur sem upp voru réttar í sölum Alþingis og fram réttar milli stjórnvalda, framkvæmdaaðila og væntanlegs orku-kaupanda. Það er hins vegar skýrt að ágreiningur um virkjunina var djúpstæður og myndaði gjá milli fólks, ekki síst á Austurlandi. Þar fóru andstæðingar framkvæmdarinnar þess ekki duldir að slíkar skoðanir var einkar óvinsælt að hafa, þar sem loks átti að koma af stað arðbærum atvinnuvegi í fjórðungnum og framkvæmdum sem hleypa myndu endurnýjuðu lífi í Austurland allt. Og margan Austfirðinginn sveið að sjá oft svonefndan „menningaraðal“ Reykjavíkur ýfa kampinn og hallmæla uppbygg- ingaráformum eystra, berandi að sumra dómi lítið skynbragð á hvað um var að ræða. Þessar ýfingar voru þó aðeins framhald á þeim mótmælum sem átt höfðu sér stað gegn fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun á árunum 1998 og 1999. Fyrra árið varð nánast þjóðarvakning og náði hámarki í mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun 2003. Mótmælin snerust einkum um þá ákvörðun stjórnvalda að undanskilja virkjunina lögformlegu umhverfismati og sökkva Eyjabökkum undir miðlunarlón, en frá því var svo horfið.

Hér er leitast við að ná nokkurri yfirsýn á mótmæli almenns eðlis gegn Kárahnjúkavirkjun og ekki síst vatnaflutningum úr Jökulsá á Dal til Fljótsdals, án þess að leggja þau á nokkurn hátt á hvíkular vogarskálar rétts og rangs. Það væri þó að æra óstöðugan að tína öll mótmæli til, enda hafa verið með eindænum mikil greinaskrif í dagblöðum um virkjunina, sem náðu út fyrir landsteina, fundahöld og samkomur af ýmsum toga og mönnum hefur orðið heitt í hamsi svo ekki sé dýpra í árina tekið, sbr. mótmælasvælti, atgang í sendiráðum Íslendinga á erlendri grund og sjálfshlekkingar við vinnuvélar virkjunarframkvæmdanna.

Mynd að ofan:
Jöklarann stríð í
þrengjungum skammt
neðan við Brú á
jökuldal daginn áður
en byrjað var að safna
henni í Hálslon.

HARTNÆR FIMMTÁN ÞÚSUND manns mótmæltu Kárahnjúkavirkjun og virkjunar- og stóriðju-stefnu stjórnvalda í Reykjavík að kvöldi 26. september 2006. Gekk mannsöfnuðurinn niður Laugaveg með Ómar Ragnarsson og Vigdísí Finnbogadóttur í broddi fylkingar og safnaðist saman á Austurvelli. Mót-mælendur báru kyndla og hvít bönd til merkis um frið og sátt við samviskuna og kynslóðir framtíðar. Göngur voru einnig farnar á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum á sama tíma og voru nokkuð fjölmennar. Bréf með ákalli til þings og ríkisstjórnar um þjóðarsátt var afhent embættismanni Alþingis. Tveimur dögum síðar, 28. september, var loka skotið fyrir Jökulsá á Dal, hið mikilúðlega jökulfljót sem runnið hefur frá Brúarjökli um Jökuldal til ósa í Héraðsflóa. Hafði Jökla þá runnið um hjágöng, fram hjá stæði Kárahnjúkastiflu, út í Hafravammagljúfur síðan 18. desember 2003.

Þeir sem búið höfðu lengi við Jöklu, frá Efri-Jökuldal og út í Húsey, lýstu mismunandi skoðunum á því að Jökla væri ei meir, nema þá sem mánaðabundið vatnsrennslí á yfirlalli stíflunnar miklu þegar Hálslón er fullt, sem þó myndi þá hartinær nema vanalegu sumarrennslí. Ómar Ragnarsson sigldi ásamt Völundi Jóhannessyni á bátnum Örkinni á lóninu og voru þeir einu mótmælendur sem vitað var um á virkjunarsvæðinu þennan dag. Ómar sagðist kvíkmynda hið deyjandi lífríki þegar náttúrumyndanir hyrfu og vatnið tæki hvern fossinn á fætur öðrum. Dagurinn væri einn hinn dapurlegasti í sögu þjóðarinnar og með þessu gengið freklega á hlut ófæddra Íslendinga. „Hér eru að hefjast mestu mögulegu umhverfisspjöll, óafturkræf, sem orðið hafa í þessu landi. Mátt hefði fá orku á skaplegri hátt og spjöllin því unnin að þarflausu,“ sagði Ómar við fréttamenn. Ragnar Axelsson ljósmyndari lagði m.a. fræga mynd sína af Gljúfrabúanum, steinmyndun sem lengi stóð við árbakka Jöklu, í vatnsborð lónsins. Andmælendur framkvæmdarinnar héldu sorgarstund, bæði við Lagarfljót og í Reykjavík að kvöldi dags, fáeinir flöggudu í hálfa stöng, en nokkrir íbúar í Fjarðabyggð og á Egilsstöðum drógu fána að hún við hús sín til að fagna áfanganum og Jakob Björnsson fv. orkumálastjóri skrif-aði í Morgunblaðið að nú myndu Austfirðingar kannski hætta að kalla Jöklu „helvítis ána“. Ýmsir Jökuldælingar sögðust þennan dag ekki syrgja þetta grimma vatnsfall sérstaklega. Það væri mann- og búpeningsskaðaa og farartálfmi hinn versti, þó það hefði gegnt ágætlega hlutverki sínu sem landamerki og sauðfjárveikivarnarlína. Þeir sögðust jafnframt fastlega gera ráð fyrir að Jökla yrði ein af betri laxveiðiám landsins þegar fram liðu stundir. Aðrir sögðu háskalegt að ráðskast með vatnsföll af þessu tagi, það kæmi í bakið á mönnum þótt síðar yrði.

„Þótt Jökla sé ljót og stundum rosaleg, hefur hún verið mikil tákni í samfélagit,“ sagði Lilja Hafdís Óladóttir,



Lilja Óladóttir í Merki hefur alla tíð búið við Jöklu og hefur illar bifur á flutningi hennar í Lagarfljót.


bondi í Merki í Jökuldal, daginn sem lokunum var rennt fyrir jökulfljótið. „Jökla hefur alltaf verið umræðuefn og sérstaklega fyrr á tíð þegar meira var um ófærðir og snjó. Þá var Jökla við Merki samgöngubót á vetrum, bæði fyrir gangandi og bíla.“ Lilja sagði oft spáð í hvernig án hegðaði sér.

Hún var kannski ljót, ekkert í henni og alveg græn. Litirnir sögðu manni til um hitastig og hvernig veður væri framundan. Væri hún græn og lítið í henni komu stillur, yrði hún rosalegt bákn, full af drullu og sandi, var mikil um að vera innra. Veðurhljóðið fór svo trúlega úr henni hér hjá Merki, en hún bar með sér feiknamikil hljóð. Þegar var að koma sunnanátt innan vindu heyroi maður þetta oft á kvöldin. Á vorin þegar hún braut sig kom ægilegur hávaði. Nú verður þetta venjuleg á sem maður sér í gegnum, ekki með þennan hvin og öll litbrigðin árið um kring. Gljúfur krumma og fálkans verður svipminna.

Lilja sagði að sér fyndist flutningur Jöklu í farveg Lagarfljóts síðerfilega ótækur. „Á sem er búin að renna öll sín ár á rétt á að vera áfram í farvegi sínum þótt hún sé jafnvel virkuð. Þetta er Jökla og hún er mikil. Mér finnst eins og eitthvað muni gerast. Hún hefnir sín kannski á einhværn hátt.“

Mótmaelabylgja reið yfir landið

Framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar var auglýst af Skipulagsstofnun í maí 2001 og bárust henni um 200 athugasemdir á auglýsingartímanum. Öll náttúruverndarsamtök landsins lögðust nokkuð samstiga gegn virkjuninni, sem og ýmsir náttúruvísindamenn. Skipulagsstofnun hafnaði í kjölfarið tilhögun virkjuninnar vegna áhrifa hennar á



Skarphéðinn G. Þorlósson

Gönguferð um Háls á Vesturöræfum á vegum Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST) í ágúst 2000. Frá vinstrí: Sigurjón Bjarnason, Hrafnkell A. Jónsson, Hjörleifur Guttormsson, Arni Finnsson, Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, Þóra Guðmundsdóttir, Halla Eiríksdóttir (þáverandi formaður NAUST), Arnþrúður Gunnlaugsdóttir, Bragi Björgvinsson og Guðmundur Beck.

umhverfið. Þetta olli miklum úlfaþyt, ekki síst hjá stjórnvöldum og lýstu nokkrir ráðherra ríkisstjórnarinnar vantrausti á Skipulagsstofnun. Þáverandi umhverfisráðherra óskaði eftir ítarlegri gögnum frá Landsvirkjun og að þeim fengnum var úrskurður Skipulagsstofnunar úr gildi felldur í desember 2001 og fallist á framkvæmdina með 20 skilyrðum ráðuneytisins, sem þótti draga úr hörðustu náttúrufarslegu áhrifunum.

Umrótið í þjóðfélaginu jókst nú til allra muna. Jónas Kristjánsson, ritstjóri DV, skrifði t.d. í ritstjórnargrein sinni 21. desember þetta ár að „Skugginn af jólajöf ríkisstjórnarinnar í ár mun verða langur og fylgja þjóðinni langt inn í ókomna framtíð, sem óbrotgjarn minnisvarði um skammsýni og þrjóska.“ Morganblaðið brást m.a. við með því að láta rita greinaflokk um framkvæmdina og svæðið sem hún varðaði. Umfjöllun í öllum fjölmöldum var gríðarmikil. Náttúruverndarsamtök mótmæltu enn hástöfum. Úrskurðurinn var kærður til dómkostóla af Náttúruverndarsamtökum Íslands og þremur einstaklingum; Atla Gíslasyni hæstaréttarlögmanni, Guðmundi Páli Ólafssyni rithöfundi og Ólafi S. Andréssyni lífefnafræðingi. Rök þóttu þó ekki næg til að ómerkja úrskurðinn, hvorki í Héraðsdómi né Hæstarétti.

Mótmælabylgjan sem reið yfir landið samtvinnuðist nú andófi gegn fyrirhuguðu álveri Alcoa á Reyðarfirði.

Pung orð félru á báða bóga í fjölmöldum af öllu tagi og mótmælastöður voru nokkuð tíðar meðan málið var til umræðu á Alþingi í febrúar og mars 2002. 120 íbúar af Austurlandi auglýstu mótmæli sín gegn vatnaflutningi á heilsíðu í Morgunblaðinu í mars 2002. Félagasamtök eins og leiðsögumenn sendu frá sér ályktanir. Stórtónleikar voru haldnir í röðum.

Í desember árið 2001 ritaði Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur um Jöklu í Morgunblaðið og varaði þar sterkelega við svo stórfelldum veitum milli vatnasviða. Ekki aðeins hefðu Íslendingar enga reynslu af slíkum gjörningi og þar með forsendur til að meta áhættuna, heldur yrði mikil hætta á auknu áfoki, Hafrahvammagljúfur stæðu tóm, selalátur við Héraðsflóa eyddust og lífríki og ásýnd Lagarfljóts myndu breytast til hins verra. Hann nefndi jafnframtað að meira vatnsmagn hækkaði meðalvatnsborð og yki flóðahaettu, landbrot færðist þar með í vöxt og lífríki hrakaði verulega vegna hitalækkunar í Lagarfljóti og fimmföldunar aurstyrks í vatninu. „Ekkert vatnsfall er eins heimaríkt í dal sínum og Jöklu, þar sem hún er órofa þáttur í mannlífinu, og margir hafa hrifist af tröllslegum krafti hennar. ... Gígjustrengur Jöklu slitnar og sambandið við uppruna og fortíð (er) rofið.“

Nokkur dæmi um mótmæli almennings

Samtökin Afl fyrir Austurland gerðu í ágúst árið 2000 hálfgerða innrás á fund Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, í Snæfellsskála. Stóriðju- og virkjunarsinnar fjölmenntu þá til fundarins og töku hann svo að segja yfir. Var fjórum af tíu tillögum stjórnar hafnað í atkvæðagreiðslu og sex nýjar tillögur samþykktar, en flestar lulu þær að fyrirhuguðum framkvæmdum vegna virkjunar á norðausturhálendinu. Þetta vakti gríðarmikla athygli og skiptar skoðanir voru á tiltækinu.

Í júlí 2002 fordæmuð samtökin World Wide Fund (WWF) stjórnendur Alcoa og íslensk stjórnvöld vegna undirritunar viljayfirlýsingar þeirra um ávers- og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Þann 19. júlí sama ár var íslenski fáninn dreginn í hálfu stöng á hálendinu norðan Vatnajökuls til að lýsa yfir sorg vegna viljayfirlýsingarinnar og sýna landinu samúð. Voru þar að verki nokkrir einstaklingar sem jafnframtað því að vekja athygli á að Kárahnjúkasvæðinu yrði fórnað undir stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar, vildu beina sjónum manna að því að fleiri náttúruperlum á Íslandi stæði ógn af stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda. Þessu hefur verið haldið áfram árlega síðan og árið 2004 var 19. júlí útnefndur sem dagur hálendisins. M.a. er árlega dreginn fáni í hálfu stöng hjá Völundi Jóhannessyni í Grágæsalad þennan dag.

Um haustið tók hópur mótmælenda sig til og pakkaði stytturni af Jónasi Hallgrímssyni í Hljómskálagarðinum í Reykjavík inn í álpappír.



Mótmælendur við Kárahnjúka gerðu sitt besta til að fanga athygli virkjunarmanna og vegfärenda sumrin 2005 til 2007. Það var þó einkum löggæslan sem fylgdist með aðgerðum þeirra. Hér er Desjarástífla í baksýn.

Í byrjun árs 2003 var haldinn stór mótmælfundur í Borgarleikhúsini. Hann sótti á tólfta hundrað manna og samtímis kom hópur fólks saman til mótmælastöðu við Lagarfljótsbrú á Fljótsdalshéraði.

Guðmundur Páll Ólafsson sendi þetta ár frá sér bókina *Viðerni Snæfells*, um áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og meintan óskunda hennar. Ómar Ragnarsson sendi frá sér bókina *Kárahnjúkar, með og á móti*, um mitt ár 2004, en hann hefur reynst ötull við að kynna virkjunarsvæðið og framkvæmdir þar fyrir landslyð, m.a. í sjónvarpi og kvikmyndum líkt og Páll Steingrímsson.

Í nóvemberlok þetta ár fóru nokkur ungmenni inn í sendiráð Íslands í London og mótmæltu virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka. Neit- uðu þau að yfirgefa svæðið og var kallað á lögreglu sem handtók fimm manns.

Alþjóðlegir mótmælendur reistu fyrst tjaldbúdir á hálendinu sumarið 2005. Talsmenn voru íslenskir, m.a. rithöfundarnir Elísabet Jökulsdóttir og Birgitta Jónsdóttir og var því lýst yfir að tjaldbúdirnar myndu standa fram á haustið eða svo lengi sem veður leyfði og skyldu vera vettvangur fyrir fólk að koma á framfæri mótmælum sínum vegna virkjanaframkvæmdanna. Bjóða átti upp á fjölbreytta menningardagskrá, fræðslufundi og gönguferðir með leiðsögumönnum. Að búðunum stóðu, að sögn talsmanna, engin sérstök samtök heldur einstaklingar, þótt bresku náttúruverndarsamtókin Saving Iceland og samtókin Íslandsvinir, væru jafnan orðuð við skipulagningu og finna mætti upplýsingar um búðirnar á heimasíðu þeirra. Lögregla og yfirvöld fylgdust grannt með búðunum. Þeim var lokað formlega í endaðan júlí en nokkur hópur var áfram á

svæðinu og mótmælti. Sló í brýnu milli þeirra og lögreglu og spunnust deilur um aðfarir yfirvalda, sem þóttu á köflum harkalegar. Lögregla vísaði ásökunum um slíkt á bug.

Ferðamannastraumur um svæðið norðaustan Vatnajökuls var mikill þetta sumar, bæði Íslendingar og útlendingar sýndu mikinn áhuga á að skoða áhrifasvæði virkjunarframkvæmdanna.

Smávægileg skemmdarverk voru unnin við Kárahnjúka, bæði á vinnusvæði Landsvirkjunar og í tjaldbúðum mótmælenda. Slagorð voru málud hér og hvar, mótmælendur hlekkjuðu sig við vinnuvélar, voru færðir til yfirheyrlu í byggð og gefnar út ákærur á hendur þeim. Fleiri mál mótmælenda komu inn á borð lögreglu.

Síðla árs gaf bókaútgáfan Skrudda út bók Helga Hallgrímssonar: *Lagarfljót, Mesta vatnafall Íslands*, um staðhaetti, náttúru og sögu og er hún að sögn höfundar nokkurs konar eftirmæli Lagarfljóts sem, þegar þetta er skrifað, er byrjað að taka Jöklu-blönduðum breytingum fyrir augum Héraðsbúa.

Andri Snær Magnason skrifaði bókina *Draumalandið* og gaf út í febrúar 2006. Hann var einn af þeim sem stóðu að stofnun samtakanna Framtíðarlandsins, en stofnfundur var haldinn 17. júní sama ár.

Í febrúar efndu um 20 félagar náttúruverndarsamtakanna Saving Iceland til mótmæla gegn Kárahnjúkavirkjun og öðrum vatnaflosvirkjum um á Íslandi fyrir framan íslenska sendiráðið í London.

Um miðjan mars kom hópur ungmenna sér fyrir inni í anddyri höfuðstöðva Landsvirkjunar í

Smávægileg skemmdarverk voru unnin við Kárahnjúka, bæði á vinnusvæði Landsvirkjunar og í tjaldbúðum mótmælenda.



Tjaldbúðir mótmælenda voru um tíma settar niður á Váði í Skriðdal og kvartaði búðafólk yfir því að löggregla fylgdist með hverju þeirra skrefi.

Reykjavík, þar sem mótmælt var áformum um virkjunarframkvæmdir og stóriðju.

Gönguhópurinn Augnablik, með þær Ástu Arnardóttur og Ósk Vilhjálmsdóttur í fararbroddi, fóru þetta sumar eins og sumrin áður og eftir, með marga ferðamenn í gönguferðir um áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar og slikt hafa einnig önnur ferðafélag gert.

Mótmælendur, íslenskir en þó sýnu fleiri útlenskir, birtust á ný á hálandinu sumarið 2006 með tjöld sín og aðrar föggur og löggreglan hafði af þeim töluberð afskipti vegna meintra ólögmætra aðgerða. Um það sýndist sitt hverjum líkt og sumarið áður.

Þegar leið að hausti fóru nokkrir heimamenn á Héraði á Kárahnjúkastíflu, reistu fánastöng og flögguðu í hálfastöng. Þórhallur Þorsteinsson las yfirlýsingar sem sagði m.a. að aldrei hefði ríkt einróma sátt um framkvæmdirnar á Austurlandi. Þvert á móti væru átökum um virkjunina orðin eins konar heimilisból fyrir byggðarlögum í fjórðungnum.

Efasemdir um öryggi og hönnun

Seint í ágúst 2006 komust í hámæli áður óbirtar upplýsingar um jarðfræðilega veikleika við Kárahnjúka. Stjórnarandstaðan létt sig málid mjög varða og náttúruverndarsamtök vildu að vatnssöfnun í Háslón yrði frestað uns farið hefði fram óháð mat á Kárahnjúkavirkjun m.t.t. jarðfræði og hönnunar. Landsvirkjun og stjórnvöld töldu þetta upphlaup storm í vatnsglasi, jarðfræðin hefði alltaf óvissuþætti í sér fólgna, hönnun mannvirkjanna væri á heimsvisu og með því besta sem gerðist og alþjóðlegir eftirlitsaðilar fylgdust grannt með framkvæmdinni í heild sinni. „Öll gögn um þetta afdrifaríka mál þurfa að verða opinber hið fyrsta þannig að lýðræðisleg umræða geti farið fram og unnt verði að taka pólitískar ákvarðanir um Kárahnjúkavirkjun áður en til greina komi að byrja að safna vatni í Háslón,“ skrifaði Hjörleifur Guttormsson fv. þingmaður og ráðherra á vefmiðli sínum Grænum vettvangi.

Stjórn Landsvirkjunar þarf að horfast í augu við vandann og áhættuna en Alþingi sem heimilaði virkjunina hlýtur að eiga siðasta orðið í ljósi nýjustu upplýsinga. Allt önnur mynd blasir nú við almenningi en þegar ákvarðanir um Kárahnjúkavirkjun voru teknað með pólitísku handaflí stjórnarflokks og stuðningi Samfylkingarinnar veturinn 2001-2002. Þá var ekki hlustað á aðvaraðir um jarðfræðilega áhættu sem nú hefur sýnt sig að voru fyllilega réttmætar. Fjárhagslegar skuldbindingar mega ekki ráða fór í þessu dýrkeypta máli og jafnframt hljóta allar hugmyndir um frekari stórvirkjanir og stóriðju að koma til endumats.

Hjörleifur hefur verið einn harðasti andmælandi virkjunarinnar og þá ekki síður ávers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, allt fram á þennan dag.

Í októberbyrjun, skömmu eftir að byrjað var að safna í Háslón, voru nöfn þeirra þingmanna, sem samþykkt höfðu Kárahnjúkavirkjun á Alþingi, rituð á stóra, flata steina og þeir lagðir í vatnsborð lónsins fyrir neðan Lindur, u.p.b. 5 km frá Kárahnjúkastíflu, þar sem fljótt vatnадi yfir þá. Þetta var gjörningur sem Félag um verndun hálandis Austurlands stóð fyrir. „Þarna var raðað upp þeim fjörutíu og fjórum sem samþykktu virkjunina ásamt Davíð Oddssyni sem var að vísu ekki nærrí en stóð til hliðar. Við vöktum svo yfir þessu uns það sökk og þarna verða geymd nöfn þeirra sem þetta hervirki samþykktu.“ sagði Þórhallur Þorsteinsson, talsmaður félagsins. Félagsmenn köstuðu rósum í lónið og flutt voru ljóð. Það tók Jöklu eina og hálfu klukkustund að fera grjótið á kaf í lónstæðinu.

Alls konar fólk hefur stigið á stokk til að mótmæla virkjunar- og stóriðjuáformum stjórnvalda. Þar í hópi eru t.a.m. bændur, heimspekingar, tónlistarmenn, stjórnmalamenn, skólameistarar, skáld, kennarar, löggreglufulltrúar, líffræðingar, flugmenn, forstjórar, grafískir hönnuðir, afgreiðslufólk og sjómenn. Fjölmíðlar erlendis fjölluðu um málid og erlend náttúruverndarsamtök létu frá sér heyra. Roger Crofts, fv. framkvæmdastjóri Scottish Natural Heritage og nú ráðgjafi og fyrirlesari, skrifaði t.d. varnaðarorð í Morgunblaðið. Ámóta fjölbreyttur hópur fólks og starri í sniðum hefur komið þessum ákvörðunum stjórnvalda

til varnar og t.d. skrifuðu á fjórða þúsund netverja undir meðmæli með þeim á sérstaka vefsíðu. „Ófáir hafa látið skoðun sína í ljós á þessu máli og svo virðist sem fjölmíðar séu hrifnastir af glundroðanum, þeim fáu, og hugnast ekki að fjalla um málefni lýðræðislegra sjónarmiða, heldur sérhagsmuni einstakra mótmælenda. Því viljum við hin skrifa nafn okkar við meðmælaskrá ...“ sagði á vefnum undir yfirskriftinni *Virkjun velferð Íslands*.

Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur skrifaði í Morgunblaðið:

Þegar Jóhanna, ömmubarnið mitt, kom í heimsókn um jólín var mynd af mér og Gljúfrabúanum með hvítfissandi Jöklu í baksýn það fyrsta sem hún kom auga á á heimili mínu. Jóhanna er nú ára og býr á Spáni. Hún spurði hvaða staður þetta væri og sagði svo: „Amma, viltu einhvern tímann taka mig með þangað og sýna mér þennan stað?“ Ég sagði henni að það væri búið að sökkva staðnum. Hún ætlaði varla að trúá því og spurði hverjir hefðu gert það og ég svaraði: „Peir sem ráða á Íslandi“, „Ha?“, sagði Jóhanna og sagði svo í barnsins einlægni: „Er ekki búið að handtaka þá?“

Gljúfrabúinn stóð í Sauðafelli á Brúardölum, við vatnsborð Jökulsár á Dal, beint á móti Lindakofa. Hann féll í ána snemmvors 2005 og var talinn nokkurra áratuga gömul bergmyndun, skv. sögn Páls Pálssonar frá Aðalbóli.

Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur á Reynivöllum í Kjós, skrifaði í Morgunblaðið:

Ég tel að þjóðin sé að vakna til nýrrar vitundar um land sitt þar sem virkjanir eru teknar með meiri fyrirvara en áður og krafist er vandaðri undirbúnings og sterkari raka fyrir spillingu náttúruverðmæta en nokkrum sinni fyrr. Umræður um óbyggðir Íslands undanfarin misseri hafa skerpt línum í þessu efni. Sumir vilja varðveita óbyggðir landsins og telja þær dýrmætan fjársjóð sem má með engu móti fórna. En aðrir gefa lítið fyrir óbyggðir nema unnt sé að koma þeim í verð. Mér kemur í huga setning úr bókinni Auðnustundir eftir Birgi Kjaran fyrir rúnum fjórum áratugum þegar umræða um sama efni fór fram í íslensku samfélagi: Mikil hádung væri það okkar kynslóð ef það ætti eftir að verða hennar dagsverk að eyða undrum Íslands.“ (Birgir Kjaran, Auðnustundir, 1964). Þannigritaði þekktur náttúruunnandi og virtur stjórn-málamaður.

Gunnar sprýr í niðurlagi greinar sinnar hvort þjóðin hafi ekki lengur efni á að unna undrum landsins.

Hin tvíklofna afstaða Íslendinga til óbyggðanna verður að taka á sig nýja mynd. Ástæðan er einfaldlega sú að ekki verður lengur sleppt og haldd. Viljum við eiga óbyggðir eða ekki? Um þetta verður að nást þjóðarsátt því að landið er sameign þjóðarinnar. Að beisla jökulfjót eins og Jöklu er ógrandi verkefni í augum sumra – í annarra augum er það hins vegar ein versta birting-armynd orkufíkinnar afþreyingarmenningar á villigötum. Að ganga meðfram Jöklu frá Kringsírrana niður undir Sauðá, umlukinn þungum niðri fljótsins sem rennur í hrikalegum gljúfrum þar sem fegurstu blómin á jörðinni spretta - það er helgistund líkast. Stríð streymir Jöklu til sjávar og berst fyrir lífi sínu og óbyggðanna.



Félag um verndun hálandis Austurlands stóð fyrir því að rita nöfn þeirra er samþykktu Kárahnjúkavirkjun á Alþingi á hellugrjót, leggja það í vatnsborð Háslóns og horfa á þegar grjótið færðist hægt en örugglega á kaf.

Orðræða Gunnars um hinn mikla fórnarkostnað vegna virkjunarinnar átti sér hljómgrunn í þjóðfélaginu:

Óbyggðirnar þar sem landsvæði er sundurgrafið af göngum, þar sem fossar verða þurrkaðir upp í stórum stíl, þar sem flæmi á stærð við Hvalfjörð verður gert að lóni, þar sem varpstöðvum heiðagæsa er ógnað og hreindýrin, sem svífa um öræfin svo að við tökum andköf, hrekjast af burðarsvæðum sínum – þar er færð meiri fórn í óbyggðum en við Íslendingar höfum séð áður. Og það sem allir vita: óbyggðir eru í hættu viðar en á öræfunum norðan Vatnajökuls.

Sigfús Guttermsson skrifar í minningu Jöklu í Morgunblaðið árið 2005, að brátt verði sú yfirvofandi ógn við Jöklu að veruleika að hún muni neydd til að renna saman við systur sína: tugum kilómetra innar en hingað til hefur verið.

Þær systur hafa lengi fylgst að síðasta spölinn til sjávar. Áður en Jöklar verður leidd til móts við systur sína í gegnum Fljótsdalsheiði verður hún látin færa í kaf nánustu lendur sínar og vel það. Ýmsar samferðaár hennar verða teknar með í þetta ferðalag. Landið við Jöklu, sem fer undir vatn, verður ekki samt eftir og ekki sér fyrir endann á því hvernig því reiðir af. Líklega verður það þó sandur og grjót eftir drekkinguna eins og sumir reyndar telja ranglega að það sé nú þegar og hafi verið. Staðreyndin er á hinn bóginn sú að hingað til hefur landið bara þrifist bærilega í samneyti við Jöklu.

Allt frá hinu stærsta til hins smæsta tilefni til mótmæla

Menn mótmæltu ekki einvörðungu Kárahnjúkavirkjun sem slíkri. Styr stóð einnig og ekki síður um hraðann í ákvarðanaferli stjórnvalda; þann mikla þrýsting sem beitt var til að hugmyndin næði fram að ganga, sem og aðferðir



Emil Þór Sigurðsson

Horft yfir Hálslón fullt. Sauðárdalsstífla er fremst fyrir miðju og glöggt má sjá hvernig lónið teygir sig inn að Brúarjökli. T.v. sést Sandfell sem eitt sinn var fjall en er nú eyja. Kárahnjúkastíflu og Desjarárstíflu lengst t.h. en Vesturöræfi og Snæfell í bakgrunni.

sömu stjórnvalda við ákvarðanatökur, sem mótmælt var á stundum sem valdníðslu og yfirlægning, auk þess sem tilgangur raforkuframleiðslunnar var gagnrýndur harkalega, þ.e. álframleiðslan. Tilboðsferli virkjunarinnar vakti umræður og mótmæli sem og endalaus önnur atriði henni tengd, allt frá hönnun hennar til atlætis og kaupgreiðsla þeirra starfsmanna sem unnu fyrir aðalverktaka og undirverktaka við virkjunina. Verkalýðsforsystan hefur fram á þennan dag átt fullt í fangi með að fylgjast með gangi mála og hafa afskipti af því sem miður fer enda ýmislegt út af borið þegar hundruð erlendra verkamanna flyktust inn í landið án þess að því hefði verið skapaður farsæll farvegur af hálfu stjórnvalda eins og dæmin sýna. Jafnvel þættir Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun, sem sýndir hafa verið í Ríkissjónvarpinu, vöktu mótmæli og voru þeir sagðir einhliða áróður og að andstæðingar virkjunarinnar ættu að fá annan eins sýningartíma í sjónvarpi með sín sjónarmið. Fjöldiðlar hafa ítrekað verið ásakaðir um að draga taum annað hvort þeirra sem eru með virkjunar- og stóriðjuuppbryggingu á Austurlandi, eða á móti henni.

Er leið á byggingartíma virkjunarinnar fóru mótmæli vegna hennar í heild heldur dvíndandi, meira var beint spjótum að einstökum framkvæmdaþáttum sem eithvað fóru úrskeiðis miðað við áætlanir og athyglan að hvarfla annað, fyrist að álveri Alcoa á Reyðarfirði og síðustu örfá misseri að öðrum tiltækum virkjanakostum í landinu og frekari uppbryggingu stóriðju.

Félög landeigenda og jarðaeigendur við Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót, hafa ýmist krafð

Landsvirkjun um bætur vegna vatnsréttinda, nú síðast fyrir dólmstólum, eða eru að kanna rétt sinn. „Jökla var tekin í þetta verkefni að þeim forspurðum,“ sagði Jakob Bjarnar Grétarsson blaðamaður um vatnsréttindamálin í Morgunblaðinu í ágúst 2007. „Þetta mál snýst ekki um að milljörðum sé hent í einhverja Gísla á Uppsöldum sem búa á Jökuldal, svo er ekki, heldur er það miklu stærra í sniðum.“

Hér hefur aðeins verið tæpt á sögu mótmæla vegna Kárahnjúkavirkjunar og flutnings Jöklu. Mörgu er sleppt og öðru hreinlega gleymt. Það má þó glögglega sjá að þessar landsins stærstu framkvæmdir vöktu menn ýmist til andófs eða meðmæla, fæstir voru ósnortnir og flestir reyndu að mynda sér skoðun. Það fer hins vegar ekki hjá því að þjóðin er móð orðin af þessu tiltekna málefni og nú má því aðeins vona að framkvæmdin verði til framtíðar litið farsæl, þrátt fyrir dauðsföll, slys og sundrung sem henni hafa fylgt. Greinileg merki eru nú um stefnubreytingu í orkumá�um af hálfu stjórnvalda og virkjunarfyrirtækja og ákveðin líkindi til að Kárahnjúkavirkjun verði síðasta stóra vatnsaflsvirkjunin á Íslandi.

Sigfús Guttormsson segir í niðurlagi Morgunblaðs greinar í október 2006 að fórnarkostnaðurinn sé það mikill að hagsæld verði að koma út úr reikningsdæminu. „Vonandi verða allir reikningar rétt upp gerðir. Lokauppgjör biður þó framtíðarinnar. Vandinn við uppgjörið verður sá að sumar reikningsstærðirnar verða aldrei metnar til fjárl. Hvers virði er til dæmis niðurinn í Jöklu?“ spyr Sigfús.

HEIMILDIR

Eliðabet Jökulsdóttir: Ömmubarnið og Jökl, *Morgunblaðið* 9. janúar 2007.

Gunnar Kristjánsson: Stríð streymir Jökl, *Morgunblaðið* 29. ágúst 2006.

Helgi Hallgrímsson: Lagarfljót og jökl – vanmetin vötn, *Morgunbl.* 11. des. 2001.

Helgi Hallgrímsson: *Lagarfljót. Mesta vatnsfall Íslands*, Skrudda 2005.

Hjörleifur Guttormsson, Grænn vettvangur; www.greannvettvangur.is.

Jakob Bjarnar Grétarsson: Ómar og gjinningarfíflin, *Morgunblaðið* 29. ágúst 2007.

Jakob Björnsson, Ljósmyndarinn og bóndinn, *Morgunblaðið* 29. nóvember 2006.

RÚV, innlendar fréttir.

Sigfús Guttormsson: Í minningu Jöklu, *Morgunblaðið*, 11. nóvember 2006.

www.islandsvinir.org.

www.karahnjukaris.is.

www.mbl.is/gagnasafn

www.savingiceland.org

www.visir.is

Glettingur

Tímarit um austfísk máléfni
17. árg. 2.-3. tbl. 2007

Útgefandi:

Útgáfufélag Glettins
Selási 9, 700 Egilsstöðum

Ritstjórn þessa heftis:

Skúli Björn Gunnarsson (ábm.)
Þorsteinn P. Gústafsson

Umbrot og prentvinnsla:

Skúli Björn Gunnarsson
· Prentmet – Reykjavík

Félagsstjórn:

Magnús Stefánsson formaður
Brattahlíð, Fáskrúðsfirði
s: 475-1211

Sigurjón Bjarnason gjaldkeri
Selási 9, Egilsstöðum,
s: 471-1375 / 848-3314

Skúli Björn Gunnarsson ritari
Réttarkambi 3, Hallormsstað
s: 471-2909

Varamenn:
Helgi Hallgrímsson
Skarphéðinn G. Þórisson

Glettingur kemur út þrisvar á ári.
Áskriftarverð er kr. 2600 fyrir
árið (3 hefti). Verð á Jökulblaði í
lausasölu kr. 2000 (tvöfalt blað).
Nýir áskrifendur fá eldri hefti á
afláttarverði.

Stjórnarmenn taka við beiðnum
um nýjar áskriftir en einnig er
hægt að óska eftir áskrift á
heimasíðunni:
www.glettingur.is

Áskriftartarfang:

selas9@austurland.is

Kápumynd:

Neðan við bæinn Grund á
Jökuldal er klettagil Jöklu með
20-30 m háum stuðlabergs-
veggjum á um 300 m kafla.
Stuðlarnir eru 4-5-kantaðir;
flestir þráðbeinir og lóðréttir en
aðrir mynda formfagra sveipi.
Austanmegin ár er 50 m langur
stuðlabergskambur; einstök
náttúrusmið sem er í for-
grunni myndarinnar sem Helgi
Hallgrímsson tók.

ISSN 1022 9361

EFNISYFIRLIT

Náttúra

Hauksstaða- og Giljahólar á Jökuldal 13
Árni Hjartarson skýrir ummerki fornra jökuljaðra.

Fiskar á vatnasviði Jöklulsár á Brú 16
Ingi Rúnar Jónsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson
fjalla um breytt lífsskilyrði vegna vatnsmiðlunar.

Landbrot af völdum Jöklulsár á Dal 29
Einar Þorvarðarson rekur sögu aðgerða til varnar landbroti.

Tímasetningar á rofi Dimmugljúfra 39
Guðrún Larsen, Bergrún A. Óladóttir, Sigmundur Einarsson og
Snorri P. Snorrason greina frá rannsóknum sínum.

Skóglendi á Jökuldal og í Jöklulsárhlið 45
Orri Hrafnelsson fjallar um útbreiðslu skóga á bökkum Jöklu.

Dalgolan 66
Einar Sveinbjörnsson lýsir nöprum vindi ofan af Jöklulsárhliði.

Veiðisvæðið Jöklu 74
Skúli Björn Gunnarsson fjallar um lax- og silungsveiði.

Brúarjökull 79
Helgi Björnsson segir frá eðli Brúarjöku.

Fuglar við Jöklu 90
Kristján Haukur Skarphéðinsson, Halldór Walter Stefánsson
og Skarphéðinn G. Þórisson lýsa fuglalífi við Jöklu.

Minjar og saga

Brýr á Jöklulsá á Brú 21
Baldur Þór Þorvaldsson fjallar um brýr yfir Jöklu.

Farartálminn Jöklu 34
Aðalsteinn Aðalsteinsson segir frá kláfum, völdum og ferjum.

Af selveiðum í Húsey 68
Áður óbirt viðtal Halldórs Péturssonar við Ragnar B. Magnússon.

Smávegis um kláfa eða drætti 84
Helgi Hallgrímsson rýnir í samsvörun kláfa á erlendri grund.

Pjóðfélagsmál

Hvers virði er niðurinn í Jöklu? 6
Steinunn Ásmundsdóttir stiklar á stóru um virkjanamótmaeli.

Jöklu beislud 53
Sigurður St. Arnalds rekur annál virkjanaframkvæmda.

Vatnsréttindi Jöklu 60
Jón Jónsson fjallar um vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Bókmennir og listir

Ljóðin 4
Tvö ljóð eftir Ingunni Snædal.

Staflarinn Helgi frá Grund 88
Skúli Björn Gunnarsson fjallar um kveðskap Helga Gunnarssonar.

Jöklu á nútímalistasafni 99
Um „Jöklu series“ listamannsins Ólafs Eliassonar.


Annað efni

Ritstjórin 5
Skúli Björn Gunnarsson og Þorsteinn P. Gústafsson.

Glethingur

TÍMARIT ÚM AUSTFIRSK MÁLEFNI

17. árg. 2.-3. tbl. 2007



JÖKLUBLAÐ

Hvers virði er níðurinn í Jöklu?

Bryr á Jökulsá á Brú

Fuglar við Jöklu

Selveiðar í Húsey

Landbrot af völdum Jökulsár á Dal